

Veiðimálastofnunin

Tumi Tómasson.

1978.

Athugun á uppeldisskilyrðum fyrir lax í Andakílsá 1978.

Dagana 7-8/9 1978 fór fram á vegum Veiðimálastofnunarinnar athugun á uppeldisskilyrðum fyrir lax í Andakílsá. Farið var með ánni og botngerð hennar athuguð. Einnig var rafveitt á 4 stöðum.

Á flóði gengur sjór upp að brúnni á Þjóðveginum, en þaðan eru einungis um 3 km að raforkuveri. Fyrir neðan orkuverið er gróf möl í botni og staksteinótt, en þegar neðar dregur hverfur allt grjót úr ánni og mölin verður finni og botninn óstöðugri.

Laxinn er á uppvaxtarskeiði sínu í ánni straumvatnsfiskur, aflar sér fæðu, skordýr og aðra hryggleysingja, sem hafa tapað festu við botninn og reka niður með straumnum. Milli þess sem seiðin afla sér fæðu verða þau að hafa skjól af steinum, annars færi of mikil orka í að halda stöðum í ánni. Þar sem fín möl er í botni geta lítil seiði fundið sér nægilegt skjól og fæðu, en stærri (eldri) seiði þurfa grýttan botn. Þar er meira skjól og jafnframt er framleiðsla fæðudýra þar meiri en á fínum botni, enda botninn þar stöðugri og meira yfirborð (eða flötur) þar sem fæðudýr geta hafst við. Þannig hefur botngerð afgerandi áhrif á dánartölu seiðanna. Segja má að hún endurspeglar í lengdar-dreifingu seiða á hverjum stað.

Niðurstöður rafveiðanna eru birtar í súluritum. Veiðni tækisins var ekki áætluð en yfirleitt er hún um 40-50% fyrir seiði 1+ (á öðru sumri) og eldri, en um 20-30% fyrir 0+ (vorgömul) seiði. Það kemur mjög glöggst fram hversu afgerandi botngerðin er fyrir afkomu seiðanna. Seiðin í Andakílsá eru yfirleitt 3 vetur í ánni áður en þau halda til sjávar, en eins og sjá má af súluritunum, framleiða svæðin með fínasta botninum engin gönguseiði. Þar sem botninn er aðeins grófari fyrir neðan orkuverið ná tiltölulega fá seiði fullum þroska, en grýtti lækurinn framleiðir tiltölulega flest gönguseiði.





Ef auka á laxagengd í Andakílsá og gera hana stöðugri en nú er (minnka sveiflur) þyrfti að keyra grjóti í ána. Neðantil er botninn það laus að vafasamt er að grjót myndi tolla í ánni. Hinsvegar ætti að keyra grjóti í ána fyrir neðan raforkuverið og hafa stór björg innanum til að koma meiri stöðugleika á botninn. Þá er meiri von til að smærri steinar tolli í ánni.

Sleppingar gönguseiða hafa verið reyndar í Andakílsá. 2-10.000 seiðum hefur verið sleppt árlega undanfarin 10 ár. Því miður er ekki annað að sjá en að árangur þessara sleppinga hafi verið mjög óverulegur og engan veginn svarað kostnaði. Því legg ég til að þeim verði hætt, þar til eldisstöðvar geti framleitt betri gönguseiði.

Sleppingar smáseiða á ólaxgenga hluta áa hefur víða gefið mjög góða raun. Í Andakílsá er virkjun stór Þrándur í Götu, en þó tel ég rétt að reyna sleppingu á 4-5 cm seiðum í júní eða þegar hlýna tekur í veðri. Kanna má árangur slíkra sleppinga með rafveiðum og hreisturslesningu. Sleppa ber seiðunum þar sem botninn er grýttur og dreifa þeim vel um ána.

Rætt hefur verið um að búa til veiðistaði í ánni með grjótgörðum og stórum björgum og er ég meðmæltur framkomnum tillögum þar um.

Að lokum þetta; Stöðuvötn- jafnvel þau sem eru ofsetin silungi- geta framleitt verulegt magn gönguseiða. Lax getur hinsvegar ekki hrygnt í stöðuvötnum heldur verða seiðin ýmist að berast í þau úr ám sem í þau falla eða þá að þeim sé sleppt þar. Bezt er að sleppa smáseiðum sem hafa tekið fóður í eldisstöð í nokkrar vikur og sleppa þeim á vorin veða fyrripart sumars. Ég tel að kjörið væri að nýta Skorradalsvatn í þessum tilgangi, en þá yrði að koma til góð samvinna veiðifélaganna fyrir ofan og neðan virkjun og einnig samstarf um nýtingu aflans. Þá yrði virkjunin að sýna lit og takmarka raforkuframleiðslu um göngutíma seiðanna, þannig að þau þyrftu ekki að fara í gegnum túrbínurnar.



Lengdarbreifing og aldur veiddra seida í Andakilsá 7-8/9 78.

VEIÐIMÁLASTOFNUNIN
PÓSTHÓLF 754-101 REYKJAVÍK

Skýrsla send eftirfarandi:

31.8.79,

Andakílsárvirkjum, Andakílshreppi, Borgarfjarðarsýslu.

Veiðifélagi Andakílsár. Form Guðmundur Þorsteinsson, Efir-Hrepp, Borg.

Veiðifélagi Skorradalsvatns. Form Davíð Pétursson, Grund, Skorradalshreppi, Borg.